

Dagný Halldórsdóttir lauk B.Sc. gráðu í rafmagnsverkfræði frá Washington State University í Bandaríkjunum árið 1982 og M.Sc. gráðu í rafmagnsverkfræði ásamt aukagráðu í tölvunarfræði frá University of Minnesota 1984. Þá hefur Dagný sótt fjölmörg námskeið á sviði fjarskipta, upplýsingatækni og reksturs fyrirtækja.

Fyrstu árin eftir að Dagný lauk verkfræðiprófi vann hún sem verkfræðingur og sérfræðingur á sviði fjarskipta og tölvuneta.

Dagný stofnaði þjónustufyrirtækið Skímu 1994 og var framkvæmdastjóri þess til 2000. Skíma var um margt byltingarkennt fyrirtæki í árdaga internetsins. Með þjónustu Skímu gátu aðilar með tölvupóstkerfi frá ólíkum framleiðendum sent tölvupóst sín á milli. Þjónustuframboðið jókst þegar fyrirtækið sameinaðist Miðheimum sem sérhæfði sig í internetþjónustu fyrir einstaklinga. Skíma hafði einnig frumkvæði að því að bjóða ódýr símtöl til útlanda um internetið, var frumkvöðull á sviði veflausna og rak einn fyrsta íslenska fréttamiðilinn á netinu, visir.is. Fyrirtækið var sameinað Landsímanum árið 2000.

Mikil gróska var á fjarskiptamarkaðinum í kringum aldamótin. Eitt af þeim fyrirtækjum sem þá voru stofnuð var Íslandssími, sem nú heitir Vodafone. Dagný kom að uppbyggingu þess félags og sá meðal annars um daglegan rekstur og uppbyggingu innviða. Hún tók þátt í að undirbúa kauphallarskráningu félagsins 2001.

Þýðingarmikið framfaraspor varð þegar Neyðarlínan ohf. var stofnuð og þar með komið á samhæfðri neyðarsvörun um allt land. Dagný hóf störf hjá Neyðarlínunni sem aðstoðarframkvæmdastjóri árið 2005 og bar ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri félagsins. Einnig stýrði hún ýmsum þróunarverkefnum, eins og aukinni sjálfvirknivæðingu 112, og þróun og samhæfingu síma- og upplýsingakerfa.

Frá árinu 2012 hannaði Dagný og stýrði í eigin fyrirtæki þróun á greiðslulausn fyrir farsíma undir nafninu Pyngjan. Þessi lausn nefnist nú Pay og er í eigu Símans.

Eins og kemur fram hér að framan er Dagný afkastamikill frumkvöðull sem hikar ekki við að hasla sér völl á nýjum sviðum. Hún hefur tekist á við þær miklu breytingar sem hafa verið innan fjarskipta og upplýsingakerfa og óhikað stofnað ný fyrirtæki um nýjar lausnir. Hún hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum og skilað árangri í síbreytilegu umhverfi. Dagný hefur í störfum sínum verið öðrum verkfræðingum fyrirmynd um að halda ótrauð áfram með skýr lokamarkmið.